

64. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess fyrir 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Súðavíkurhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarskóp Súðavíkurhrepps nr. 545/1996.

Félagsmálaráðuneytinu, 4. júní 2004.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

G. Dýrleif Kristjánsdóttir.

AUGLÝSING**um breytingu á deiliskipulagi Hrauns 1 í Fjarðabyggð.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 19. maí 2004 samþykkt breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðisins Hraun 1 á Reyðarfirði.

Breytingin gerir ráð fyrir:

1. Stækkun byggingarreits á lóð nr. 1 til suðurs að hafnarsvæði.
2. Breyttri legu, stærð og númerun iðnaðarlóða við aðkomuleið að hafnarsvæði.
3. Breyttri legu hafnarkants.
4. Breyttri legu aðkomuleiðar að hafnarsvæði.
5. Breyttri aðkomu frá þjóðvegi að lóð nr. 1.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 8. júní 2004.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.